


# Almenningssamgöngur á Suðurlandi

## Viðhorfskönnun framkvæmd febrúar-mars 2022



Samantekt unnin fyrir Samtök sunnlenkra sveitarfélaga í apríl 2022

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Samantekt.....	5
2.1 <i>Ánægja gagnvart almenningssamgöngum</i> .....	5
2.2 <i>Notkun almenningssamgangna</i> .....	6
2.3 <i>Ástæða notkunar strætó</i> .....	7
2.4 <i>Ástæður fyrir að nota ekki strætó</i> .....	7
3. Könnun framkvæmd 2022.....	9
3.1 <i>Jákvæðni/neikvæðni gagnvart almenningssamgögnum almennt</i> .....	9
3.2 <i>Ánægja með almenningssamgöngur</i> .....	10
4. Ferðamáti.....	12
5. Notkun almenningssamgangna.....	17
5.1 <i>Á Suðurlandi</i> .....	17
5.2 <i>Til og frá höfuðborgarsvæðinu</i> .....	18
5.3 <i>Í hvaða erindum íbúar nota strætó</i> .....	19
5.4 <i>Ástæða fyrir notkun almenningssamgangna</i> .....	19
6. Hvernig er hægt að bæta þjónustu strætó.....	21
6.1 <i>Notendur strætó</i> .....	21
6.2 <i>Þeir sem nota ekki strætó</i> .....	23
7. Niðurstöður.....	24
8. Viðauki.....	26
8.1 <i>Spurningalisti</i> .....	26
8.2 <i>Niðurstöður könnunarinnar á PDF-formi</i> .....	28
8.3 <i>Póstnúmer</i> .....	28

## 1. Inngangur

Þessi viðhorfskönnun var gerð til að kanna viðhorf íbúa á Suðurlandi gagnvart þjónustu strætó í landshlutanum. Er hún liður í þróunarverkefni á sviði almenningssamgangna á Suðurlandi með áherslu á rannsóknir, öryggismál, kynningar- og markaðsmál. Styrkur fékkst frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 2020 upp á 3. m.kr. fyrir verkefninu, en Byggðastofnun f.h. þá samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga gerðu með sér samning um rannsókn- og þróunarverkefni á sviði almenningssamgangna á Suðurlandi. Þá var einnig haft samráð við Vegagerðina.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna viðhorf íbúa á Suðurlandi gagnvart almenningssamgöngum. Könnuð var ánægja með almenningssamgöngur almennt, á Suðurlandi, og til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þá var kannaður ferðamáti og hvaða ferðamáta íbúar mundu helst kjósa. Skoðað var hversu oft íbúar Suðurlands notuðu strætó til að komast milli staða á Suðurlandi, og til og frá höfuðborgarsvæðinu. Athugað var í hvaða erindum íbúar nota strætó og að lokum var kannað hvernig mætti bæta þjónustu strætó fyrir þá sem nota hana nú þegar, og hvað þyrfti til svo þeir sem nota ekki almenningssamgöngur mundu nota þær.

Könnun var framkvæmd af Maskínu fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Hún var lögð fyrir íbúa á Suðurlandi þar sem notkun, tilefni og ferðavenjur voru rannsökuð, ásamt viðhorfi gagnvart almenningssamgöngum. Könnunin var lögð fyrir með tilviljanakenndu úrtaki úr Þjóðskrá og fór hún fram á netinu. Alls svöruðu 924 könnuninni og voru gögnin vigtuð með tilliti til búsetu, kyns og aldri. Var hún lögð fyrir frá 23. febrúar til 16. mars 2022. Áminning var send þrisvar sinnum á þá sem svöruðu ekki strax. Til að ná upp fjölda svara var hringt í tilviljunarkennt úrtak úr Þjóðskrá og könnunin lögð fyrir í gegnum síma.

Samantekt og greining fór fram af Sigríði Lind Þorbjörnsdóttur starfsmanni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Við greiningu á niðurstöðum könnunarinnar var fyrst viðhorf landshlutans í heild skoðað og svo eftir svæðum. Suðurlandi var skipt upp í eftirfarandi svæði<sup>1</sup>:

- Svæði 1: Árborg, Hveragerði, Ölfus, Flóahreppur
- Svæði 2: Uppsveitir, Laugarvatn, Flúðir
- Svæði 3: Rangárvallasýsla
- Svæði 4: Vík
- Svæði 5: Kirkjubæjarklaustur
- Svæði 6: Höfn, Öræfi
- Svæði 7: Vestmannaeyjar

---

<sup>1</sup> Nánari upplýsingar um póstnúmer má finna í kafla 8.2.

Þessi skipting var gerð til að skoða hvaða munur væri á milli svæða þegar kemur að viðhorfi til almenningsganganga og sjá hver þörfin er á svæðunum. Gefur þetta betri sýn á þörf fyrir hvert svæði heldur en ef aðeins eru skoðaðar tölur fyrir Suðurland í heild. Helstu niðurstöður könnunarinnar má sjá í kafla tvö um samantekt. Ber að nefna að orðin almenningsgöngur og strætó eru notuð sem samheiti í þessu skjali. Þá þarf jafnframt að hafa í huga þau áhrif sem Covid-19 hefur haft á viðhorf íbúa gagnvart almenningsgöngum og þjónustu strætó.


Niðurstöður könnunar voru einnig bornar saman við könnun sem framkvæmd var 2016. Þá var áhersla lögð á framhaldsskólanemendur á Suðurlandi, og í úrtakinu voru 18 ára og eldri. Kannað var hvernig framhaldsskólanemendur ferðuðust til og frá skóla, og helstu ástæður þess að almenningsgöngur voru almennt ekki meira notaðar. Þá var gerð könnun meðal íbúa á Suðurlandi 18 ára og eldri um ferðahegðun til og frá vinnu, námi og tómstundum. Niðurstöður frá könnuninni 2016 sýndu að langflestir ferðast á eigin bíl til og frá vinnu eða skóla. Aðeins 2,1% almennings og 7,5% framhaldsskólanema ferðast með strætó. Þá eru ástæðurnar helst að strætóferðir eru ekki í boði eða aðilar eiga bíl sjálfir, það hentar betur að nota einkabíl og leiðarkerfi strætó hentar illa.

## 2. Samantekt

### 2.1 Ánægja gagnvart almenningssamgöngum

Um 45% íbúa á Suðurlandi voru almennt jákvæðir gagnvart almenningssamgöngum, en 17% voru neikvæðir. Þó þegar spurt var um ánægju með almenningssamgöngur á Suðurlandi voru töluvert færri jákvæðir eða aðeins 26% íbúa, en 51% segja ánægju sína í meðallagi og 23% voru óánægð sbr. mynd 2. Þá var spurt um ánægju með almenningssamgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu, þar sem tölur voru svipaðar og í spurningu 2, en 29% voru ánægðir með samgöngurnar, 55% voru í meðallagi og 17% voru óánægð. Af þessu má sjá að minnsta ánægja er með almenningssamgöngur á Suðurlandi.


Jákvæðni gagnvart almenningssamgöngum almennt (sp. 1).



■ Jákvæð(ur) ■ Í meðallagi ■ Neikvæð(ur)

Mynd 1


Ánægja með almenningssamgöngur á Suðurlandi (sp. 2).



■ Ánægð(ur) ■ Í meðallagi ■ Óánægð(ur)

Mynd 2

Ánægja með almenningssamgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu (sp. 3).




■ Ánægð(ur) ■ Í meðallagi ■ Óánægð(ur)

Mynd 3

## 2.2 Notkun almenningsgangna

Það eru 73% íbúa á Suðurlandi sem nota aldrei strætó, sem er aukning frá árinu 2016. Þá eru jafnframt færri sem nota strætó 1-5 á ári í dag en áður. Þegar lítið er á notkun strætó til að komast til og frá höfuðborgarsvæðinu er notkunin örlítið meiri en innan Suðurlands.


### Notkun Strætó til komast á milli staða á Suðurlandi (sp. 8)



■ 2022 ■ 2016

Mynd 4

### Notkun Strætó til komast til og frá höfuðborgarsvæðinu? (sp. 9)



■ 2022 ■ 2016


Mynd 5

## 2.3 Ástæða notkunar strætó


Flestir af þeim sem nýta sér almenningssamgöngur á Suðurlandi nota þær til að sækja sér sérfræðipjónustu eða 37% íbúa, þessi valmöguleiki var ekki í boði þegar fyrir könnunin var gerð sem útskýrir þennan mikla mismun á milli kannana. Þá eru 29% íbúa sem nota strætó til að sækja sé verslun eða þjónustu, en er það mikil fækkun frá fyrri könnun, þar sem 43% notuðu strætó í þeim tilgangi. Einnig eru færri sem nýta sér strætó til að sækja skemmtanir núna en áður. Færri nota strætó til að sækja tómsundur en þar getur munur legið í því að í könnuninni frá 2016 var áhersla lögð á að fá svör frá ungu fólki frá 18-20 ára.

Helsta ástæða fyrir notkun strætó voru þægindi. Áhugavert var þó að mun færri nota strætó í dag vegna þess að það þykir umhverfisvænt. Árið 2016 voru 50% sem notuðu strætó vegna þess að það var umhverfisvænt, en aðeins 29% í dag. Þá sýna niðurstöðurnar núna að færri íbúum þykir strætó vera öruggur ferðamáti eða ódýrari kostur.

### Hvaða erindum Strætó er notaður (sp. 10)



### Ástæða notkunnar Strætó (sp. 11)



Mynd 6

## 2.4 Ástæður fyrir að nota ekki strætó

Helsta ástæða þess að íbúar á suðurlandi noti ekki strætó til að komast til og frá vinnu/skóla er að það hentar íbúum betur að nota núverandi ferðamáta, en 47% svarenda völdu þann valmöguleika. Er þetta mikil aukning frá fyrri könnun frá 2016 þar sem 28% völdu þennan valkost. Núna nota 45% íbúa ekki strætó vegna þess að þeir eiga bíl. Það er einnig mikil aukning í þeirri ástæðu að það er of tímafrekt að nota strætó eða um 26%, sem var 12% árið 2016. Þá þótti íbúum leiðarkerfið og tímataflan henta sér illa, og of langt væri í næstu stoppistöð. Hér má sá að hentugleiki núverandi ferðamáta vegur hæst, má þá ætla að leiðarkerfið henti íbúum ekki vel og er eitthvað sem má bæta.



Mynd 7



### 3. Könnun framkvæmd 2022

Áhersla var lögð á að skoða notkun og viðhorf íbúa á almenningssamgöngum miðað við mismunandi svæði á Suðurlandi. Var þessi skipting gerð til að greina sem best þörfina á Suðurlandi út frá hverju svæði. Hér að neðan í köflum 3-6 verður farið yfir spurningar könnunarinnar og borið saman eftir svæðum. Svæðaskipting var eftirfarandi: Á svæði 1 eru Árborg (Selfoss, Eyrarbakki og Stokkseyri), Hveragerði, Ölfus og Flóahreppur, svæði 2 er Uppsveitir (Skeið- og Gnúpverjahreppur, Grímsnes og Grafningshreppur og Reykholt), svæði 3 er Rangárvallasýsla (Hella og Hvolsvöllur), svæði 4 er Vík, svæði 5 er Kirkjubæjarklaustur, svæði 6 er Höfn, og svæði 7 er Vestmannaeyjar.


Farið verður yfir niðurstöðurnar í þremur þáttum. Í kafla þrjú verður farið yfir jákvæðni og neikvæðni íbúa gagnvart almenningssamgöngum, sem og ánægju þeirra. Í kafla fjögur verður ferðamáti íbúa skoðaður. Í kafla fimm er ástæða notkunar greind og í kafla sex er farið yfir hvernig hægt er að bæta þjónustu strætó.

#### 3.1 Jákvæðni/neikvæðni gagnvart almenningssamgöngum almennt

Spurt var um hversu jákvæðir eða neikvæðir íbúar eru gagnvart almenningssamgöngum almennt. Þegar litið er á Suðurland í heild eru 45% af íbúum landshlutans jákvæðir gagnvart almenningssamgöngum, 38% eru í meðallagi og 17% neikvæð.

#### 1. Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart almenningssamgöngum/Strætó almennt?

	Fjöldi	%
Mjög jákvæð(ur) (5)	119	13,1%
Fremur jákvæð(ur) (4)	291	32,1%
Í meðallagi (3)	341	37,6%
Fremur neikvæð(ur) (2)	116	12,8%
Mjög neikvæð(ur) (1)	39	4,3%
Gild svör	906	100,0%
Svörðuð ekki	18	1,9%
Heildarfjöldi	924	100,0%



#### Mynd 8




Á svæði 1, 3 og 7 voru íbúar jákvæðastir, en 48% voru mjög eða fremur jákvæðir á svæði 1 og 3, og 42% á svæði 7. Íbúar á svæði 5 voru nokkuð neikvæðir en þar voru 26% sem sögðust vera fremur neikvæðir gagnvart almenningssamgöngum, en aðeins fleiri voru mjög eða fremur jákvæðir eða rúm 29% íbúa. Á svæði 6 voru rúm 44% íbúa jákvæðir en rúm 25% neikvæðir. Íbúar á svæðum 5 og 6 eru neikvæðari gagnvart almenningssamgöngum en aðrir íbúar á Suðurlandi.

### 3.2 Ánægja með almenningssamgöngur

Þegar spurt var um hversu ánægðir eða óánægðir íbúar eru með almenningssamgöngur á Suðurlandi eru aðeins 26% sem svara að þau séu ánægð, 51% eru í meðallagi og 22% eru óánægð.

#### 2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með almenningssamgöngur/Strætó á Suðurlandi?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	41	4,8%
Fremur ánægð(ur) (4)	183	21,4%
Í meðallagi (3)	431	50,5%
Fremur óánægð(ur) (2)	143	16,8%
Mjög óánægð(ur) (1)	56	6,6%
Gild svör	854	100,0%
Svöruðu ekki	70	7,6%
Heildarfjöldi	924	100,0%




Mynd 9

Ánægja á milli svæða var nokkuð svipuð, en mesta ánægjan var á svæði 6 með 30% sem sögðust vera mjög eða fremur ánægð með almenningssamgöngur á Suðurlandi. Á svæði 1 voru 29% íbúa ánægðir, og á svæði 3 voru 26% ánægðir. Óánægðastir voru íbúar á svæði 5 þar sem 40% voru fremur eða mjög óánægðir með almenningssamgöngur á Suðurlandi sem er töluvert hærra en meðaltal landshlutans í heild. Þar á eftir komu svæði 2 þar sem 30% íbúa voru óánægðir, og svæði 7 með 29% óánægju.

#### 3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með almenningssamgöngur/Strætó til og frá höfuðborgarsvæðinu?

	Fjöldi	%
Mjög ánægð(ur) (5)	47	5,7%
Fremur ánægð(ur) (4)	192	23,2%
Í meðallagi (3)	451	54,5%
Fremur óánægð(ur) (2)	95	11,5%
Mjög óánægð(ur) (1)	42	5,1%
Gild svör	828	100,0%
Svöruðu ekki	96	10,4%
Heildarfjöldi	924	100,0%



Mynd 10


Spurt var um ánægju með almenningssamgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu sbr. mynd 10 og voru 29% íbúa sem svöruðu að þeir væru fremur eða mjög ánægðir, 55% voru í meðallagi og 17% voru óánægðir. Virðast íbúar vera ánægðari með samgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu en milli staða á Suðurlandi.

Á milli svæða má sjá að mesta ánægjan er á svæði 6 þar sem 36% svöruðu að þau voru mjög eða fremur ánægð með almenningssamgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu. Þar á eftir kom svæði 2 með 34% og svæði 1 með 32%. Fæstir voru óánægðir á svæði 3 eða aðeins 6% íbúa, en þar voru 64% í meðallagi og 30% ánægðir. Mesta óánægjan var á svæði 5, þar sem 12% svöruðu að þau voru mjög óánægð. Þá voru 25% sem voru fremur eða mjög óánægð á svæði 7.

#### 4. Ferðamáti

Spurt var um hvaða ferðamáta íbúar notuðu til að komast til og frá vinnu eða skóla. En aðeins þeir sem svöruðu bakgrunnsspurningu og sögðust vera í vinnu eða skóla fengu þessa spurningu. Langflestir fara á einkabíl sem bílstjóri í vinnu eða skóla eða um 75%, er það aukning frá fyrri könnun þar sem 67% völdu þennan valmöguleika. Svipaðar tölur eru á þeim sem fara gangandi og frá fyrri könnun eða um 14%, en það voru 16% 2016. Þá fer þeim fækkandi sem fara á einkabíl sem farþegi og þeim sem taka strætó. Ekki var mikill munur á milli svæða, en flestir fóru á bíl sem einkabílstjóri á svæði 5 eða um 80%. Þá voru flestir á svæði 6 eða 25% og á svæði 4 eða 22% sem fóru gangandi.


#### 5. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til að komast til og frá vinnu eða skóla?



Mynd 11


Þegar spurt var um hvaða ferðamáta fólk vildi helst nota til að komast til og frá vinnu/skóla sbr. mynd 12 voru flestir sem svöruðu á einkabíl sem bílstjóri, eða um 54%. Þá voru um 21% sem mundu vilja ganga og 11% sem vildu fara á reiðhjóli. 8% mundu kjósa að fara með strætó, en aðeins 1% íbúa notar strætó til að ferðast til og frá vinnu/skóla sbr. mynd 11.

## 6. Hvaða ferðamáta myndir þú helst vilja nota til að komast til og frá vinnu?



Mynd 12

Mikill munur er á milli svæða á hvaða ferðamáta íbúar nota oftast og þeim ferðamáta sem þeir mundu helst vilja nota á svæðum 1, 3 og 6. Á svæði 1 eru 73% sem nota einkabíl en 43% sem vildu helst nota hann, á svæði 3 eru 79% sem nota einkabíl en 56% sem mundu helst vilja nota hann, og á svæði 6 eru 69% sem nota einkabíl en 38% sem mundu helst vilja nota hann. Á svæði 6 eru jafnframt fleiri sem mundu kjósa að fara gangandi en gera nú þegar, og um 12% sem vildu frekar taka strætó. Á svæði 1 eru 2% íbúa sem nota strætó til að komast í og úr vinnu en 10% mundu kjósa að nota strætó. Á svæði 3 mundu 12% íbúa vilja nota strætó frekar en núverandi




Mynd 13

ferðamáta. Hér má sjá að 10-12% íbúa á svæðum 1, 3 og 6 kysu frekar að taka strætó en núverandi ferðamáta. Sjá mynd 13.

Ástæða þess að íbúar á Suðurlandi nota ekki eða mundu ekki vilja nota almenningssamgöngur til að fara til og frá vinnu eða skóla er vegna þess að núverandi ferðamáti hentar betur en strætó og/eða viðkomandi á bíl sjálf(ur) sbr. mynd 14. Þá þótti leiðarkerfið og tímataflan henta illa, of langt væri í næstu stoppistöð eða ekki væri hægt að nýta þjónustuna þar sem viðkomandi býr.


#### 7. Af hverju notar þú ekki eða myndir ekki vilja nota almenningssamgöngur/Strætó til að komast til og frá vinnu eða skóla?



Mynd 14

Á milli svæða var nokkur munur á ástæðum af hverju íbúar noti ekki strætó. Á svæði 1 voru 53% sem þótti núverandi ferðamáti henta betur, 46% sem áttu bíl sjálf, 32% töldu það of tímafrekt, 27 - 28% töldu leiðarkerfi og tímatafla henta illa, 14% sögðu að það væri of langt í næstu stoppistöð, 12% þóttu strætóskýli ófullnægjandi og um 10% þóttu þjónusta og upplýsingagjöf léleg. Á svæði 2 voru 51% sem hentaði núverandi ferðamáti betur, 61% áttu bíl sjálf, 27% þótti almenningssamgöngur of tímafrekar, leiðarkerfið hentaði illa fyrir 21% og tímataflan hentaði illa fyrir 31% íbúa, þá sögðu 16% að strætóskýli væru ófullnægjandi. Á svæði 3 hentaði 43% íbúa betur núverandi ferðamáti, 40% á bíl, 12% þótti það of tímafrekt, 21% þóttu leiðarkerfið henta illa, og 16% þótti tímataflan henta illa og 16% fannst of lang í næstu stoppistöð. Þá gátu um 10% ekki nýtt sér strætó vegna búsetu og 11% þótti of flókið að greiða fargjaldið. Á svæði 4 voru um 70% íbúa sem svöruðu að núverandi ferðamáti hentaði betur, 40% eiga bíl, 16% þótti það of tímafrekt, 21% fannst leiðarkerfið henta illa og 12% þótti tímataflan henta illa. Þá voru 11% íbúa sem töldu sig ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur þar sem þau búa. Á svæði 5 hentaði 45% íbúa betur núverandi ferðamáti, 32% eiga bíl, 18% þótti það of tímafrekt, 26% fannst leiðarkerfið henta illa

og um 10% fannst tímataflan henta illa. 16% sögðu að of langt væri í næstu stoppistöð og 23% sögðust ekki geta nýtt sér samgöngur vegna búsetu. Á svæði 6 hentaði 30% betur núverandi ferðamáti, 32% eiga bíl, 11% þótti leiðarkerfið henta illa, og 35% sem svöruðu að þau gætu ekki nýtt sér strætó þar sem þau búa. Á svæði 6 er áhugavert að sjá að íbúum þykir ekki tímataflan henta illa né að notkun strætó sé of tímafrek, eins og er áberandi á öðrum svæðum. Á svæði 7 eru 35% íbúa sem hentar betur núverandi ferðamáti, 44% eiga bíl, 32% segja notkun strætó of tímafrega, 18% segja of langt í næstu stoppistöð og 34% segjast ekki geta nýtt sér þjónustuna vegna búsetu.



Mynd 15

Á svæði 1 og 7 er notkun strætó talin of tímafrek, eru þær niðurstöður áhugaverðar þar sem þörfin og þjónustan á þessum svæðum er ólík. Mikilvægt væri að skoða af hverju íbúum á svæði 1 þykir notkun strætó of tímafrek, þar sem þetta svæði hefur mestu þjónustuna. Jafnframt er eftirtektarvert að skoða af hverju leiðarkerfið og tímataflan hentar illa á svæði 1. En á svæði 7 fer leið 52 tvær ferðir milli höfuðborgarsvæðisins og Landeyjarhafnar alla daga vikunnar. Ef Herjólfur fer ekki frá Landeyjarhöfn fer leið 52 aðeins að Hvolsvelli, en þá fer aukavagn milli Reykjavíkur og Þorlákshafnar og aftur til Reykjavíkur þegar allir farþegar Herjólfur eru komnir um borð. Sé fólk að ferðast til Reykjavíkur tekur ferðin með strætó um 3 klukkutíma, en 1 klukkutíma til Selfoss. Ef fólk þarf að skipta um strætó tekur ferðin lengri tíma og mögulega einhverja bið á strætóstoppistöð. Á svæði 2 hentar tímataflan illa og sem má ætla sé vegna fárra ferða, en tvær leiðir fara um svæði 2, það er leið 72 sem fer frá Selfossi um Grímsnes að Flúðum og til baka um Skeið einu sinni á dag mánudag til föstudags, ásamt aukaferð seinnipart föstudags. Þá fer leið 73 frá Selfossi um Skeið að Flúðum og til baka um Grímsnes mánudag til föstudags tvisvar á dag, með einni aukaferð í hádeginu á föstudögum.<sup>2</sup> Á öllum svæðum nema 1 og 2 finnst íbúum þeir ekki geta nýtt sér almenningssamgöngur til að sækja vinnu eða skóla þar sem þau búa. En þarna er mögulegt samspil

<sup>2</sup> Skv. strætó.is

allra þátta, þ.e. almenningsamgöngur of tímafrekar, leiðarkerfi og tímatafla hentar illa eða þá að samgöngur eru hreinlega ekki til staðar fyrir viðkomandi að komast til og frá vinnu/skóla.

Frá fyrri könnun, sjá mynd 15, er mikill munur á að fólk notar ekki strætó af því að núverandi ferðamáti henti betur, núna er það stærsti hópurinn en árið 2016 voru um 28% sem völdu þann valmöguleika. Þá er einnig aukning á þeim sem eiga sjálf bíl og þeim sem þykir of tímafrekt að nota strætó.




## 5. Notkun almenningssamgangna


### 5.1 Á Suðurlandi

Það eru um 73% íbúa á Suðurlandi sem nota aldrei almenningssamgöngur, sem er fjölgun frá fyrri könnun. Á svæðum 2 og 5 eru flestir sem nota aldrei strætó eða um 91% á svæði 2 og 90% á svæði 5. Á svæði 4 eru 87% sem nota aldrei strætó og 85% á svæði 6. Á svæði 1 eru 70% sem nota aldrei strætó og á svæði 3 eru það 67%. Á svæði 7 eru 61% sem nota aldrei strætó, á því svæði eru einnig flestir sem nota strætó 1-5 sinnum á ári eða 36%. Af þessu má áætla að mesta notkunin er á svæði 7. Svæði 1 og 3 koma á eftir með 22% og 23% sem nota strætó 1-5 sinnum á ári.

## 8. Hversu oft notar þú almenningssamgöngur/Strætó til komast á milli staða á Suðurlandi?



Mynd 16




Mynd 17

## 5.2 Til og frá höfuðborgarsvæðinu

Fleiri virðast nota strætó til og frá höfuðborgarsvæðinu en um 68% íbúa segjast aldrei nota strætó til að ferðast til og frá höfuðborgarsvæðinu og um 26% nota strætó 1-5 á ári í þeim tilgangi. Á svæði 2 eru fæstir sem nota almenningssamgöngur til að ferðast til höfuðborgarinnar eða um 88% sem gera það aldrei, á svæði 4 eru það 87%. Á svæði 5 eru 79% sem segjast aldrei nota strætó í þessum tilgangi, og 75% á svæði 6. Mesta notkunin er á svæðum 1, 3 og 7, á svæði 1 eru 63% sem segjast aldrei nota strætó, 68% á svæði 3 og 65% á svæði 7. Á svæði 7 eru flestir sem nota strætó til höfuðborgarsvæðisins 1-5 sinnum á ári eða 34%, þar á eftir er svæði 1 með 29%. Íbúar á Suðurlandi nota strætó frekar til þess að ferðast á til og frá höfuðborgarsvæðisins heldur en að ferðast milli staða á Suðurlandi, eða til þess að ferðast til og frá vinnu/skóla.

### 9. Hversu oft notar þú almenningssamgöngur/Strætó til komast til og frá höfuðborgarsvæðinu?




Mynd 18

### 5.3 Í hvaða erindum íbúar nota strætó

Flestir sem nýta sér þjónustu strætó á Suðurlandi er til að sækja sér sérfræðiþjónustu, sækja verslanir, og/ eða skemmtanir. Frá fyrri könnun er mikil fækkun á íbúum sem nýta sér strætó til að sækja verslanir/þjónustu nú er það um 29% en 43% 2016, þá eru einnig færri notast við almenningssamgöngur til að sækja skemmtanir og tómsundur.

#### 10. Í hvaða eftirfarandi erindum notar þú almenningssamgöngur/Strætó?




Mynd 19

Á svæði 1 voru flestir sem notuðu strætó til að sækja sér skemmtanir eða um 30%. Á svæði 2, 3, 5, og 7 eru flestir sem nota strætó til að sækja sérfræðiþjónustu, hæst er hlutfallið á svæði 7 eða 66%. Á svæði 4 eru flestir sem nota strætó til að sækja sér verslanir eða þjónustu, eða um 62% af þeim sem nota strætó, einnig eru margir sem nýta sér almenningssamgöngur til að sækja sérfræðiþjónustu eða um 45%. Á svæði 6 er um 31% sem nota strætó til að sækja skemmtanir.

### 5.4 Ástæða fyrir notkun almenningssamgangna

#### 11. Hvað af eftirfarandi er ástæða þess að þú notar almenningssamgöngur/Strætó?




Mynd 20

Ástæða þess að íbúar á Suðurlandi nota strætó eru þægindi, en 42% völdu þann svarmöguleika. Um 29% nota hann vegna þess að það er umhverfisvænt, um 23% vegna þess að það er öruggur ferðamáti. Um 23% segja hann vera ódýran kost og 16% nota strætó þegar þau hafa ekki aðgang að bíl. Þessari spurningu svöruðu aðeins þeir íbúar sem nota strætó.

Á svæði 1 voru langflestir sem notuðu strætó vegna þess að það er þægilegt eða um 51%, á svæði 3 eru jafnframt flestir sem nota strætó vegna þæginda eða um 42%, þar eru jafnframt 39% sem nota strætó vegna öryggissjónarmiða. Á svæði 4 eru flestir sem nota strætó vegna þæginda og það er umhverfisvænt eða 47% í hvorum flokk. Á svæði 5 eru flestir sem nota strætó vegna þess að það er umhverfisvænt eða 52%. Á því svæði er strætó einnig notaður vegna þess að hann er ódýr kostur. Á svæði 6 eru 64% sem nota strætó af því hann er ódýr kostur, 42% segja hann öruggan ferðamáta og 38% vegna umhverfissjónarmiða. Á svæði 7 eru flestir eða 37% sem nota strætó tilfallandi þegar þau hafa ekki aðgang að bíl.

Mikill munur er á milli kannanna þar sem fyrri könnun sýndi að 50% notuðu strætó af því að það er umhverfisvænt, þá þykir strætó ekki jafn öruggur ferðamáti og áður en 42% völdu þann valmöguleika í fyrri könnun en aðeins 23% núna. Þá eru fleiri sem eiga bíl en 43% áttu ekki bíl í fyrri könnun en 8% núna, munurinn þar getur þó legið í því að í fyrri könnun var áhersla lögð á ungt fólk. Þó má nefna að skv. könnuninni í ár 2022, svöruðu 55% fólks á aldrinum 18-29 ára að þau eiga bíl, sem er næst hæsta hlutfall af þeim sem svöruðu könnuninni, aðeins þeir sem voru á aldrinum 70 ára og eldri voru með hærri hlutfall af þeim sem áttu bíl eða 68%.




Mynd 21

## 6. Hvernig er hægt að bæta þjónustu strætó

### 6.1 Notendur strætó

Niðurstöður spurningu 12, sjá mynd 22, sýna hvernig strætó geutr bætt þjónustu sína að mati þeirra sem nota almenningssamgöngur sbr. spurningar 8 og 9. 65% þeirra sem nota strætó segja að tíðari ferðir geti bætt þjónustuna, þar á eftir kemur ódýrara fargjald með 56%. Þá þykir 35% íbúa að það megi bæta leiðarkerfið.

### 12. Hvernig gætu almenningssamgöngur/Strætó bætt þjónustu sína að þínu mati?




Mynd 22

Á öllum svæðum nema 6 og 7 var flokkurinn „tíðari ferðir“ með mestu svörum. Á svæði 6 vó bætt leiðarkerfi mest en 50% íbúa völdu þann valmöguleika. Á svæði 7 var ódýrara fargjald með stærsta hlutfall. Á svæði 1 voru tíðari ferðir stærsti flokkurinn með um 67%, þar á eftir kom ódýrara fargjald með 55%, og bætt leiðarfyrirkomulag 36%. Greinilegt er að þörf þykir á bættum strætóskýlum á svæði 1 þar sem 32% íbúa velja þann valmöguleika og er svæði 1 með hæsta hlutfall í þessum flokki. Þá þykir einnig vanta fleiri stoppistöðvar og betri staðsetningu á þeim. Á svæði 2 eru 71% sem svara að tíðari ferðir geti bætt þjónustu strætó, 59% segja að leiðarfyrirkomulag geti verið bætt, 52% vilja ódýrara fargjald, 43% betri upplýsingagjöf og 42% fleiri stoppistöð og betri staðsetningu á þeim. Svarhlutföll á svæði 2 eru öll nokkuð há, sem segir að mikið vantar upp á þjónustu almenningssamgangna á þessu svæði. Á svæði 3 eru 74% sem vilja tíðari ferðir og 57% sem vilja ódýrara fargjald. Hlutfall svarenda sem vilja bætt leiðarfyrirkomulag er um 14% og með því má álykta að leiðarkerfið henti þeim betur á svæði 3 að nýta sér almenningssamgöngur heldur en það gerir á öðrum svæðum. 29% segja þó að fleiri strætóstoppistöðvar mundu bæta þjónstuna og um 25% vilja betri upplýsingagjöf. Á svæði 4 eru um 62% íbúa sem vilja tíðari ferðir og 45% vilja bætt leiðarfyrirkomulag. Um 42% íbúa segja þjónustuna bættu með ódýrar fargjaldi og um 28% vilja betri staðsetningu á strætóstoppistöðvum. Á svæði 5 eru 69% sem segja þjónustuna bættu með tíðari ferðum, um 67% segja hana bættu með ódýrari fargjaldi. 31% segja betri upplýsingagjöf vanta og 21% vilja bætt leiðarfyrirkomulag eða bætt strætóskýli. Á svæði 6 er bætt

leiðarfyrirkomulag með hæsta hlutfall eða 50%, þar á eftir eru ódýrara fargjald með 41%. Þá eru 31% sem finnst vanta betri staðsetningu á stoppistöðvum og um 24% sem vilja betri upplýsingagjöf. Á svæði 7 er það ódýrar fargjald sem mestu málir skiptir, en um 68% íbúa völdu þann valmöguleika, þá vilja 65% íbúa tíðari ferðir og 40% vilja bætt leiðarfyrirkomulag. Svæði 7 er með lægsta hlutfall af öllum svæðum í svarmöguleika um betri staðsetningu strætóstoppistöðva eða um 12%.

Sami hópur fékk spurningu um hvað þyrfti til svo þau mundu nota almenningssamgöngur oftast en þau gera núna. Þar voru niðurstöðurnar tíðari ferðir, ódýrara fargjald og bætt leiðarkerfi efst líkt og í fyrri spurningu nr. 12. Augljóst er að þessir þrjú punktar eru mikilvægir þeim sem nota þjónustuna. Þó betri staðsetning og fleiri stoppistöðvar, ásamt upplýsingagjöf er jafnframt ábótavant.

### 13. Hvað þarf til að þú notir almenningssamgöngur/Strætó oftast?




Mynd 23

## 6.2 Þeir sem nota ekki strætó

Spurðir voru þeir íbúar sem nota aldrei almenningssamgöngur hvað þurfi til þess að þeir mundi nota þær. Þar voru um 36% íbúa sem sögðu að tíðari ferðir yrðu til þess að þeir mundu nota strætó, 28% sögðu bætt leiðarkerfi og tæp 28% sögðu ódýrar fargjald. En tæp 21% svarenda sögðu að það hentaði þeim ekki að nota almenningssamgöngur, var það ekki einn af valmöguleikunum heldur flokkur sem var tekin saman úr opnum svörum við „Önnur ástæða, hvaða?“.

### 14. Hvað þarf til að þú notir almenningssamgöngur/Strætó?



Mynd 24

Á milli svæða var mikill munur á því hvernig þjónustan geti verið bætt samkvæmt svörum frá þeim sem nota strætó, og hvað þurfi til þess að þeir sem noti strætó aldrei byrji að nota hann. Á svæði 1 voru tæp 45% sem segja að tíðari ferðir þurfi til að þau noti strætó, og tæp 35% segja bætt leiðarkerfi. 24% segja ódýrar fargjald og 19% aðrar tímasetningar. Á svæði 2 eru rúm 31% sem segja ódýrar fargjald mundi þurfa, og tæp 27% segja bætt leiðarkerfi. Á svæði 3 eru rúm 30% sem segja að fargjaldið þurfi að vera ódýrara og tæp 27% að þurfi að bæta leiðarkerfið. En þá segja jafnframt 35% íbúa að almenningssamgöngur henti þeim ekki og er svæði 3 með hæsta hlutfallið í þeim flokki. Á svæði 4 eru 59% sem segja að ódýrara fargjald er það sem þarf og tæp 49% sem segja tíðari ferðir. Íbúar á svæði 5 vilja ódýrara fargjald eða 50%, tíðari ferðir og betri upplýsingagjöf eða um 35% hvor flokkur. Á svæði 6 eru tæp 34% sem segja ódýrara fargjald og 24% bætt leiðarkerfi. Á svæði 7 svöruðu 39% svarenda að tíðari ferðir vanti svo þau noti almenningssamgöngur, en 24% svöruðu að þær henti þeim ekki. .

## 7. Niðurstöður

Um 45% íbúa á Suðurlandi eru jákvæðir gagnvart almenningssamgöngum almennt. Íbúar búsettir í Árborg, Hveragerði, Ölfusi, Flóahreppi (svæði 1), Rangárvallasýslu, Höfn og Vestmannaeyjum eru jákvæðastir samkvæmt könnuninni. Íbúar á Kirkjubæjarklaustri eru neikvæðastir. Ánægja með almenningssamgöngur á Suðurlandi í heild er 26%, mesta ánægjan er á Höfn, svæði 1, og Rangárvallasýsla. Þeir sem eru óánægðastir eru íbúar á Kirkjubæjarklaustri, í Uppsveitum og Vestmannaeyjum. Ánægja með samgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu er 29% á Suðurlandi í heild, en fleiri eru ánægðir og færri óánægðir með samgöngur til og frá höfuðborgarsvæðinu heldur en á milli staða á Suðurlandi. Mesta ánægjan er á Höfn, í Uppsveitum og á svæði 1. Mesta óánægjan var aftur á Kirkjubæjarklaustri og í Vestmannaeyjum. Þessar niðurstöður sýna að óánægja er á Kirkjubæjarklaustri, Uppsveitum og Vestmannaeyjum með almenningssamgöngur á Suðurlandi. Íbúar Suðurlands í heild eru þó ánægðari með samgöngur til og frá höfuðborgarsvæðisins heldur en milli staða á Suðurlandi.

Niðurstöðurnar um ferðamáta til og frá vinnu eða skóla sýna að langflestir fara á einkabíl sem bílstjóri í vinnu eða skóla, það eru fleiri sem nota þennan ferðamáta núna en þegar fyrri könnunin var framkvæmd. Þeim sem taka strætó til að komast til og frá vinnu/skóla hefur fækkað. Þegar spurt var um hvaða ferðamáta fólk mundi vilja nota voru aðeins 8% af Suðurlandi sem mundu vilja nota strætó. Hæsta hlutfall af þeim sem mundu kjósa að nota strætó frekar en núverandi ferðamáta voru íbúar á Höfn, en þar var svarhlutfall 12% íbúa. Helsta ástæða íbúa Hafnar fyrir að nota ekki strætó þrátt fyrir að vilja það er að það þeir geta ekki nýtt sér almenningssamgöngur þar sem þau búa. Á svæði 1, í Vík, og á Kirkjubæjarklaustri nota íbúar helst ekki strætó til að komast til og frá vinnu/skóla af því að núverandi ferðamáti hentar betur. Í Uppsveitum nota íbúar ekki strætó vegna þess að þau eiga bíl. Á Kirkjubæjarklaustri, Höfn og Vestmannaeyjum eru flestir sem ekki telja sig geta notað almenningssamgöngur vegna búsetu sinnar. Frá fyrri könnun má sjá að núverandi ferðamáti hentar betur en áður og fleiri eiga bíl en áður, það er einnig aukning hjá þeim sem þykir of tímafrekt að fara með strætó.

Þeim fjölgar sem notar aldrei strætó til að komast á milli staða á Suðurlandi, en núna er hlutfallið 73% íbúa en var 64% árið 2016. Fæstir nota strætó í Uppsveitum og á Kirkjubæjarklaustri. Þeir sem nota oftast strætó eru íbúar Vestmannaeyja, en þar eru íbúar nokkuð óánægðir með almenningssamgöngur og margir telja sig ekki geta notað þær sbr. fyrri spurningar þessarar könnunar. Fleiri nota almenningssamgöngur til að ferðast til og frá höfuðborgarsvæðinu heldur en á milli staða á Suðurlandi. Mesta notkunin er á svæði 1, í Rangárvallasýslu og Vestmannaeyjum. Minnsta notkunin er í Uppsveitum, Vík og Kirkjubæjarklaustri.

Mikill munur er á milli kannanna á ástæðum þess sem íbúar nota strætó, niðurstöður nýju könnunarinnar sýna að 42% nota strætó af því það er þægilegt en 29% af því það er umhverfisvænt. Árið 2016 voru 50% íbúa sem notuðu strætó vegna umhverfissjónarmiða, og fleiri eiga bíl. Velta



má fyrir sér hvort notkun rafbíla sé meiri núna en þegar könnunin var framkvæmd síðast og hvort það leiði til þessara niðurstaðna.

Af þeim sem nota strætó finnst 65% íbúa að tíðari ferðir og 56% ódýrara fargjald verði til þess að þjónustan bætist. Þá má einnig bæta leiðarkerfið. Á svæði 1, í Uppsveitum, Rangárvallasýslu, Vík og Klaustri er hæsta hlutfall íbúa sem velja tíðari ferðir. Á Höfn vilja flestir bætt leiðarkerfi og í Vestmannaeyjum vilja flestir ódýrar fargjald. Á svæði 1 vantar greinilega bætt strætósýli þar sem sá svarmöguleiki var með stærsta hlutfall af öllum svæðunum. Hátt hlutfall íbúa í Uppsveitum, Vík og Höfn vilja bætt leiðarkerfi og betri staðsetningu á stoppistöðvum. Í Vestmannaeyjum er það ódýrara fargjald sem skiptir mestu máli, en þar er einnig hátt hlutfall þeirra sem vilja betri staðsetningu stoppistöðva. Þrír þættir eru miklivægastir hér, þ.e. tíðari ferðir, ódýrara fargjald og bætt leiðarkerfi. Þörfin er mismunandi eftir svæðum hvað mestu máli skiptir en greinilegt er að margt þarf að bæta varðandi almenningsmöngr á Suðurlandi.

Áhugavert er þó að sjá svör þeirra sem nota aldrei almenningsmöngr við þeirri spurningu um hvað þyrfti til svo þau mundu nota strætó. Þar voru aftur tíðari ferðir efst með 36%, en næst kom bætt leiðarkerfi og ódýrara fargjald með svipað hlutfall. Ódýrara fargjald virðist skipta minna máli hjá þessum hópi en hjá þeim sem nota strætó. Í Árborg, Hveragerði, Ölfusi og Flóahrepp þarf tíðari ferðir og bætt leiðarkerfi, í Uppsveitum, í Rangárvallasýslu og Höfn vilja íbúar einnig bætt leiðarkerfi og ódýrara fargjald. Íbúar Kirkjubæjarklausturs vilja ódýrara fargjald og tíðari ferðir. Í Vestmannaeyjum þarf tíðari ferðir.

## 8. Viðauki

### 8.1 Spurningalisti

1. Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ertu gagnvart almenningssamgöngur/Strætó almennt?
  - a. Mjög jákvæð(ur)
  - b. Fremur jákvæð(ur)
  - c. Í meðallagi
  - d. Fremur neikvæð(ur)
  - e. Mjög neikvæð(ur)
2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með almenningssamgöngur/Strætó innan Suðurlands?
  - a. Mjög ánægð(ur)
  - b. Fremur ánægð(ur)
  - c. Í meðallagi
  - d. Fremur ánægð(ur)
  - e. Mjög óánægð(ur)
3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með almenningssamgöngur/Strætó til og frá höfuðborgarsvæðinu?
  - a. Mjög ánægð(ur)
  - b. Fremur ánægð(ur)
  - c. Í meðallagi
  - d. Fremur ánægð(ur)
  - e. Mjög óánægð(ur)
4. Hver er staða þín á vinnumarkaði?
  - a. Er í námi
  - b. Er í vinnu
  - c. Er í námi og vinnu
  - d. Er hvorki í námi né vinnu
5. Hvaða ferðamáta notar þú oftast til að komast til og frá vinnu eða skóla?
  - a. Einkabíl með bílstjóra
  - b. Einkabíl sem farþegi
  - c. Strætó
  - d. Gangandi
  - e. Á reiðhjóli
  - f. Á mótörhjóli
  - g. Á rafhlaupahjóli
  - h. Annað, hvað?
  - i. Er hvorki í skóla né vinnu
6. Hvaða ferðamáta myndir þú helst vilja nota til að komast til og frá vinnu?
  - a. Einkabíl með bílstjóra
  - b. Einkabíl sem farþegi
  - c. Strætó
  - d. Gangandi
  - e. Á reiðhjóli
  - f. Á mótörhjóli

- g. Á rafhlaupahjóli
  - h. Annað, hvað?
7. Þeir sem ekki nefna strætó í sp5 eða sp6. Af hverju notar þú ekki almenningssamgöngur/Strætó?  
Rótera svarmöguleikum – fjölsvar
- a. Of tímafrekt
  - b. Leiðarkerfið hentar mér illa
  - c. Tímataflan hentar mér illa
  - d. Of langt í næstu strætóstoppistöð
  - e. Hentar mér betur að nota núveranadi ferðamáta
  - f. Léleg þjónusta og upplýsingagjöf ökumanns
  - g. Appið virkar ekki
  - h. Strætóskyli ofullnægjandi
  - i. Erfitt/flokkið að greiða gjaldið
  - j. Á bíl sjálf(ur)
  - k. Önnur ástæða, hver?
8. Hversu oft notar þú strætó til komast á milli staða á Suðurlandi?
- a. Aldrei
  - b. 1-5 sinnum á ári
  - c. 6-12 sinnum á ári
  - d. Oftar en einu sinni í mánuði en sjaldnar en vikulega
  - e. Einu sinni í viku
  - f. Nokkrum sinnum í viku en þó ekki daglega
  - g. Daglega
9. Hversu oft notar þú strætó til komast til og frá höfuðborgarsvæðinu?
- a. Aldrei
  - b. 1-5 sinnum á ári
  - c. 6-12 sinnum á ári
  - d. Oftar en einu sinni í mánuði en sjaldnar en vikulega
  - e. Einu sinni í viku
  - f. Nokkrum sinnum í viku en þó ekki daglega
  - g. Daglega
10. (Þeir sem nota strætó) Í hvaða eftirfarandi erindum notar þú almenningssamgöngur/Strætó?  
Fjölsvar.
- a. Til og frá vinnu
  - b. Til og frá skóla
  - c. Til að sækja verslanir/þjónustu
  - d. Til að sækja sérfræðiþjónstu, s.s. lækniþjónustu
  - e. Til að sækja skemmtanir
  - f. Til að sækja tómsundur
  - g. Annað, hvað?
11. Hvað af eftirfarandi er ástæða þess að þú notar almenningssamgöngur/Strætó?
- a. Þægilegt
  - b. Góð þjónusta

- c. Ódýr kostur
  - d. Umhverfissvænt
  - e. Öruggur ferðamáti
  - f. Á ekki bíl
  - g. Önnur ástæða hvaða
12. Er eitthvað í þjónustu Strætó sem þér finnst sérstaklega vel gert eða sem betur mætti fara? *Opin spurning*
13. (Þeir sem nota stætó sjaldnar en einu sinni í viku) Hvað þarf til að þú notir almenningssamgöngur/Strætó oftar?
- a. Tíðari ferðir
  - b. Aðrar tímasetningar
  - c. Bætt leiðakerfi
  - d. Ódýrara fargjald
  - e. Fleiri strætóstoppistöðvar
  - f. Betri upplýsingagjöf
  - g. Betri staðsetning strætóstoppistöðva
  - h. Annað, hvað?
14. (Þeir sem nota strætó aldrei) Hvað þarf til að þú notir almenningssamgöngur/Strætó?
- a. Tíðari ferðir
  - b. Aðrar tímasetningar
  - c. Bætt leiðakerfi
  - d. Ódýrara fargjald
  - e. Fleiri strætóstoppistöðvar
  - f. Betri upplýsingagjöf
  - g. Betri staðsetning strætóstoppistöðva
  - h. Annað, hvað?

## 8.2 Niðurstöður könnunarinnar á PDF-formi

Hægt er að skoða niðurstöður könnunarinnar á PDF-formi með því að smella á logo-ið tvisvar.



2022\_03\_SASS\_Mas  
kínuskýrsla.pdf

## 8.3 Póstnúmer

Póstnúmer	Svæði	Staður
800	1	Selfoss
801	1	Selfoss, dreifbýli
802	1	Selfoss



803	1	Selfoss, dreifbýli (Flóahreppur)
810	1	Hveragerði
815	1	Þorlákshöfn
816	1	Ölfus
820	1	Eyrarbakki
825	1	Stokkseyri
804	2	Uppsveitir (Skeið- og Gnúpverjahreppur)
805	2	Uppsveitir (Grímsnes- og Grafningshreppur)
806	2	Uppsveitir (Reykholt)
840	2	Laugarvatn
845	2	Flúðir
846	2	Flúðir, dreifbýli
850	3	Rangárvallasýsla (Hella)
851	3	Rangárvallasýsla (Hella, dreifbýli)
860	3	Rangárvallasýsla (Hvolsvöllur)
861	3	Rangárvallasýsla (Hvolsvöllur, dreifbýli)
870	4	Vík
871	4	Vík, dreifbýli
880	5	Kirkjubæjarklaustur
881	5	Kirkjubæjarklaustur, dreifbýli
780	6	Höfn
781	6	Höfn, dreifbýli
785	6	Öræfi, dreifbýli
900	7	Vestmannaeyjar
902	7	Vestmannaeyjar